

REGLUGERÐ

um (15.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir 23. gr., sbr. III. og IV. kafla reglugerðarinnar, er sjúkratryggingum heimilt að ákveða að ekki þurfi að senda umsókn vegna tiltekinna verka sem fjallað er um í reglugerð þessari. Slíkar undanþágur skulu settar í vinnureglur sem stofnunin setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 og 2. mgr. 6. gr. laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. október 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 5. október 2023